

Reykjavík, 16. maí 2012

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðslu ríkissjóðs á bóttum til þolenda afbrota, nr. 69/1995, með síðari breytingum (hækkun hámarksgreiðslna o.fl.). Þingskjal 1116 — 686. mál.**

Barnaheill - Save the Children á Íslandi mæla með samþykkt þessa frumvarps og telja það til bóta fyrir tjónþola þar á meðal börn. Vegna hækkunar á lágmarki bóta munu þó einhverjir tjónþolar ekki fá tjón sitt bætt og telja samtökin varhugavert að hafa slíkt lágmark.

Í 3. grein frumvarpsins er kveðið á um að bæta skuli fremur meira tjón heldur en það sem minna er. Samtökin telja að oft geti verið erfitt að meta hvort tjón hafi haft mikil eða lítil áhrif á tjónþola og slík áhrif geti jafnvel komið fram löngu eftir að tjónið varð eða brotið var á tjónþolanum.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi telja mjög mikilvægt að einstaklingum sé ekki mismunað þegar kemur að greiðslu bóta. Ekki skal mismuna á grundvelli kynferðis, aldurs, kynþáttar, uppruna eða annarra stöðu einstaklingsins. Samtökin leggja því áherslu á mikilvægi þess að það sé skoðað sérstaklega þegar börn eru tjónþolar. Ekki er hægt að miða bætur við stöðu þeirra þegar þau eru börn, heldur verður að miða við hugsanlega stöðu þeirra sem fullorðnir einstaklingar.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja áherslu á þá grundvallarreglu barnaréttarins og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að ávallt beri að hafa hag og þarfir barnsins að leiðarljósi þegar málefni þess eru ráðin, sama hver þau eru.

Virðingarfyllst,

f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Ágúst Þórðarson,  
framkvæmdastjóri